

LÖG

um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

Eiganda héraðsrafmagnsveitu er ár hvert heimilt að áskilja sér allt að 7% arð af eigin fé rafveitunnar. Ákvæði 1. másl. nær eingöngu til héraðsrafmagnsveitu sem er alfarið í eigu sveitarfélags og starfar ekki samkvæmt sérlögum.

2. gr.

Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

Eiganda hitaveitu er ár hvert heimilt að áskilja sér allt að 7% arð af eigin fé hitaveitunnar. Ákvæði 1. másl. nær eingöngu til hitaveitu sem er alfarið í eigu sveitarfélags og starfar ekki samkvæmt sérlögum.

3. gr.

Við 80. gr. laganna bætist nýr málslíður er hljóðar svo: Sama á við um hitaveitur og/eða rafveitur sem hafa einkaleyfi til starfsemi sem kveðið er á um í IV. og V. kafla laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.